

Hugsjón ehf
Jón Grétar Magnússon
Blönduhlíð 6
105 Reykjavík

15. mars 2019
MÍ201901-0068/ 6.09 / I.S.K.

Efni: Sela-Kirkjuból í Önundarfirði - sumarbústaðalóð

Með tölvubréfi dagsett 10.01.19 óskaði Jón Grétar Magnússon hjá Hugsjón ehf. eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um sumarbústaðarlóð á jörðinni Sela-Kirkjuból í Önundarfirði. Fylgigagn var afstöðumynd af lóðinni og aðkomuvegi teiknuðum inn á loftmynd, dagsett 25.10.18.

Lóðin er á sléttuðu túni. Ekki hefur farið fram fornleifaskráning á svæðinu. Leitað var heimilda um minja á jörðinni Sela-Kirkjuból. Engar þekktar fornleifar eru á þessum hluta túnsins. Minjastofnun Íslands hefur því ekki athugasemdir við fyrirhugaða sumarbústaðalóð.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,


Inga Sóley Kristjónudóttir



Minjastofnun Íslands
Kt: 440113-0280
Suðurgata 39 | 101 Reykjavík
www.minjastofnun.is

Afrit sent í tölvupósti:
Hugsjón ehf jon@hugsjonark.is
Skipulags- og byggingarfulltrúi Ísafjarðar skipulag@isafjordur.is

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Rannsóknar- og
miðlunarsvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Inga Sóley
Kristjónudóttir

ingasoley@minjastofnun.is